


✉ Re: Ný brú á Hverfisfljót - umsagnarbeiðni

Búið til	25.11.2020 14:35:07
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	25.11.2020 14:35:06
Tilheyrir	 202011-0016 - Ný brú á Hverfisfljót - umsagnarbeiðni

Efni

Re: Ný brú á Hverfisfljót - umsagnarbeiðni

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	25.11.2020 14:35:06	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	jonagust@skipulag.is
Cc	skipulag@skipulag.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 202011-0016 (TB, LÁ)

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 6. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort og á hvaða forsendum ný brú á Hverfisfljót skuli háð mati á umhverfisáhrifum sbr. 6. gr. laga nr. 106/2000 og m.t.t. 2. viðauka laganna.

Framkvæmdin gerir ráð fyrir að byggja nýja 74 m langa tvíbreiða brúa yfir Hverfisfljót á Hringvegi 1, við hlið núverandi brúar um 20 m neðan hennar, auk vega sem tengja brúna við núverandi vegakerfi. Samtals um 2.2 km, þar af 1,1 km nýlagn og 1,1 km enduruppbygging núverandi vegar. Einnig verður byggður nýr áningarstaður við Hverfisfljót. Vegurinn/brúin liggur um Skaftáreldahraun sem fellur undir 61. gr. laga um náttúruvernd og er innan Katla Geopark. Eins og kunnugt er er hér um að ræða stórfenglegar jarðmyndanir, vatnafar og hraunlandslag og fyllsta ástæða til að sína ýtrustu gætni við allar framkvæmdir á þessu svæði og lágmarka allt rask.

Í stuttu máli má segja að öll helstu áhrif framkvæmdarinnar á náttúru svæðisins séu fyrirsjáanleg. Helstu áhrifaþættir er beint rask á hrauni sem ákvarðast af því hvernig vegurinn er hannaður og hvernig staðið er að framkvæmdum. Undir þetta falla einnig námur. Það sem vekur einna helst upp spurningar varðandi framkvæmdina er hvort ekki megi hanna veginn betur með tilliti til þess að draga verulega úr þeim köflum þar sem hönnunin gerir ráð fyrir að gamli hringvegurinn verði enn til staðar (neikvætt fordæmi má finna á Suðurstrandarvegi, innan friðlands). Þótt ekki sé um að ræða langan vegkafla verður samt um að ræða töluvert nýtt rask báðu megin brúarinnar. Þá eru sérstakir hraunbollar í hrauninu sunnan við brúna sem þarf að varðveita. Það er kostur að nýr áningarstaður er settur á „sama“ svæði og sá gamli en þar mætti einnig skoða að draga úr umfangi hans og tvöföldun vegarins.

Niðurstaða:

Náttúrufræðistofnun telur, með hliðsjón af staðsetningu og umfangi nýs vegar og brúar, að mat á umhverfisáhrifum sé ekki líklegt til að bæta við frekari upplýsingum um framangreinda framkvæmd. Öðru máli gegnir um útfærslur á framkvæmdinni og skoða má hvort ekki megi hanna veginn þannig að dregið sé úr áhrifum hans á svæðinu þó ekki sé gengið á öryggismál.

Í 2. mgr. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum segir m.a.: „Ef Skipulagsstofnun ákveður að framkvæmd sé ekki matsskyld er henni heimilt að setja fram ábendingar um tilhögun framkvæmdarinnar. Þær skulu byggjast á upplýsingum framkvæmdaraðila um fyrirhugaðar mótvægisaðgerðir og framkomnum umsögnum. Áður skal stofnunin leita álits leyfisveitenda, framkvæmdaraðila og annarra eftir eðli máls hverju sinni. Skipulagsstofnun skal gera hlutaðeigandi grein fyrir niðurstöðu sinni, hafa hana aðgengilega á vef stofnunarinnar og kynna hana almenningi.“

Náttúrufræðistofnun metur það svo með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, umfangi, eðli og staðsetning framkvæmdarinnar, og að teknu tilliti til 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum þó að vissulega verði meira rask á hrauninu. Þessi afstaða byggir á því að vel sé gerlegt að draga úr umhverfisáhrifum án frekari upplýsinga og gerir um leið ráð fyrir því að Skipulagsstofnun nýti framangreint ákvæði í lögum um mat á umhverfisáhrifum til að setja fram ábendingar um tilhögun framkvæmdarinnar til að lágmarka rask, úrskurði hún að framkvæmdin sé ekki matsskyld.

Náttúrufræðistofnun leggur ríka áherslu á að öllu raski á framkvæmdasvæðinu verði haldið í lágmarki.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



From: "Jón Ágúst Jónsson" <jonagust@skipulag.is>
To: "klaustur@klaustur.is" <klaustur@klaustur.is>; "fiskistofa" <fiskistofa@fiskistofa.is>; "Guðni Magnús Eiríksson - FISK" <Gudni.M.Eiriksson@fiskistofa.is>; "hafogvatn@hafogvatn.is" <hafogvatn@hafogvatn.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "Kristinn Magnússon" <kristinn@minjastofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Trausti Baldursson - NI" <Trausti.Baldursson@ni.is>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>
CC: "Helga Aðalgeirsdóttir - VG" <helga.adalgeirsdottir@vegagerdin.is>
Subject: Ný brú á Hverfisfljót - umsagnarbeiðni
Date: 6.11.2020 13:42:06

Ágæti umsagnaraðili,

Skipulagsstofnun hefur borist tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu vegna nýrrar brúar á Hverfisfljót í Skaftárhreppi. Skipulagsstofnun hefur sent yður formlega umsagnarbeiðni vegna málsins í bréfpósti. Meðfylgjandi er rafrænt eintak af greinargerð vegna framkvæmdarinnar ásamt teikningum. Sérfræðiskýrsla með niðurstöðum fornleifakönnunar er eingöngu send á Minjastofnun Íslands. Óski aðrir umsagnaraðilar eftir því að fá skýrsluna senda verður fúslega orðið við því.

Umsagnarfrestur er til 25. nóvember nk.

Kveðja,

Jón Ágúst

Jón Ágúst Jónsson

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland

sími 595 4100

jonagust@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun

Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)